

Stefnuskijal Árskólagarskóla



Skólasamfélag

Öruggt, umhverfisvænt og uppbyggjandi samfélag þar sem öllum líður vel.

Góð samvinna og gagnkvæmt traust milli heimilis og skóla. Gott og skilvirkt upplýsingaflæði.

Skýr skólanámskrá og starfsáætlun um stefnu, áætlanir, markmið, leiðir og mat.

Framsækinn og nútímalegur skóli sem leggur áherslu á árangur og gott gengi á öllum þrepum.

Öflug tengsl og samvinna við aðra skóla, stofnanir og fyrirtæki. Náin tengsl við náttúru, umhverfi og nærsamfélag.

Innra starf

Stuðla að góðri líðan nemenda og starfsfólks með gæðastundum, umhyggju og hlýju viðmóti.

Áhersla á leikinn og fjölbreyttar kennsluaðferðir með útikennslu sem fastan sess í öllu starfi.

Hvetjandi námsumhverfi þar sem hver og einn getur hámarkað árangur sinn á eigin forsendum.

Uppbyggileg samskipti með áherslu á lausnir. Samstaða í gleði og sorg með áherslu á vináttuna.

Greiður aðgangur að ráðgjöf og stuðningi fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk.

Mannauður

Áhugasamt og vel menntað starfsfólk sem er meðvitað um hlutverk sitt og ábyrgð.

Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi þar sem rödd allra heyrist. Skýr starfsmannastefna.

Auka þekkingu, frumkvæði og skólaþróun með markvissri símenntun og samvinnu.

Skemmtinefnd sem virkjar starfsmenn og stuðlar að góðum starfsanda.

Fjármál

Tryggja góða og hagkvæma nýtingu fjármuna innan ramma fjárlaga.

Öflugt innra aðhald með áherslu á aukna kostnaðarvitund starfsfólks og nemenda.

Framtíðarsýn

Árskólagarskóli verði athvarf barna, foreldra þeirra og annarra sem vilja leggja skólasamfélaginu lið. Framsækinn skóli með börn á leik- og grunnskólaaldri sem upplifa sig sem hóp þar sem hver og einn nýtur sín á eigin forsendum í leik og starfi.

Starfsmannahópurinn verði samheldinn, faglegur, traustur og í stöðugri þróun í þeirri viðleitni að efla starf sitt með uppeldi og menntun barna í öndvegi.

Hornsteinar
Árskólagarskóla

námsÁhugi
þRautseigja
Samvinna
leiKur
útiskÓli
Gleði
Umhyggja
viRðing